

Ísafjarðarbær
Halldór Halldórsson, bærarstjóri
Stjórnsýsluhúsinu Hafnarstræti 1
400 ÍSAFJÖRÐUR

2001040011
4200; 9310

Reykjavík, 14. maí 2001
/--

Efni: Endurbygging sjóvarnarhleðslu við Sundstræti á Ísafirði, Ísafjarðarbæ. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 30. mars 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð endurbygging og lagfæring sjóvarnarhleðslu við Sundstræti á Ísafirði, Ísafjarðarbæ samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar bærarstjórnar Ísafjarðarbæjar og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 10. apríl 2001 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 23. apríl 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhuguð er endurbygging gamallar sjóvarnarhleðslu, sennilega frá 1968 eða 1969, meðfram húsalóðum við Sundstræti að Mávagarði, sem hefur aflagast verulega. Lengd sjóvarnar er um 260 m. Áætluð efnisþörf til framkvæmdanna eru 6000 m³ og verður efni tekið úr opinni grjótnámu fyrir botni Skutulsfjarðar í 27 km fjarlægð.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögnum bærarstjórnar Ísafjarðarbæjar og Náttúruverndar ríkisins kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fjörusvæði

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að hafa beri í huga að fjara sé viðkvæmt

búsvæði og því beri að hafa varann á við framkvæmdirnar. Halda verði raski í lágmarki og eins sé mikilvægt að ráðstafanir séu gerðar til að tryggja fólki gott aðgengi að fjörunni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við hönnun sjóvarna sé leitast við að hafa sem allra minnst inngríp í náttúruna, laga sjóvörnina að fjörunni og takmarka hæð hennar þó þannig að hún uppfylli sett markmið. Víða hafi sveitarstjórnir bætt aðgengi að fjörum, þar sem það hefur verið æskilegt.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurbyggingu gamallar sjóvarnarhleðslu, sennilega frá 1968 eða 1969, meðfram húsalóðum við Sundstræti að Mávagarði á Ísafirði, sem hefur aflagast verulega. Samkvæmt 6. gr. og tl. 10 h og 13 a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfiáhrifum ber að tilkynna fyrirhugaða framkvæmd til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matssskyldu.

Fyrirhugaðar framkvæmdir taka til afmarkaðs svæðis, efnismagn er tiltölulega lítið og munu framkvæmdirnar ekki hafa verulegt rask í för með sér enda verði staðið að þeim eins og kemur fram í svörum framkvæmdaraðila.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð endurbygging og lagfæring sjóvarnarhleðslu við Sundstræti á Ísafirði, Ísafjarðarbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, m.s.b. Samkvæmt skipulagsreglugerð skal í aðalskipulagi gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnarvirkjum vegna sjávarflóða. Þær framkvæmdir sem hér um ræðir kalla að mati Skipulagsstofnunar ekki á sérstaka skipulagsgerð eða breytingu á skipulagi, en við gerð nýs aðalskipulags fyrir sveitarfélagið þarf að gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum sjóvörnum í samræmi við kröfur skipulagsreglugerðar.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. júní 2001.

Ásdís Hlökk Theódórsdóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Náttúruvernd ríkisins og Siglingastofnun